

Norðurþing
Ketilsbraut 9
640 Húsavík

Reykjavík 24. ágúst 2018
UST201807-070/B.S.
10.04.02

**Efni: Aðalskipulag Norðurþings 2010 - 2030 - Ný efnistökusvæði. Skipulagslýsing.
Umsógn**

Vísað er til bréfs Norðurþings dags. 5. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda lýsingu.


Um er að ræða fjórar námur sem Vegagerðin áformar að nota til framleiðslu slitlagsefnis. Slíkar námur eru oft notaðar í langan tíma og getur liðið nokkur tími milli efnisvinnslu þar sem efni er framleitt sem jafnvel getur enst í nokkur ár. Því telur Umhverfisstofnun brýnt að vinnslu og tímabundnum frágangi sé háttað þannig að sjónræn áhrif verði sem minnst.


Umhverfisstofnun vill í þessu sambandi benda á heimasíðuna namur.is þar sem unnt er að nálgast upplýsingar um efnistöku og frágang.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdi við umrædda lýsingu.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri